


Fylgiskjæl 3



*Fylgiskjal 4*

SAMNINGUR  
nr. S05229  
um efnistöku úr Lambafellsnámu

Samningsgjafi: Forsætisráðuneytið f.h. íslenska ríkisins

Samningshafi: Björgun ehf

Júlí 2018

# Samningur nr. S05229 um efnistöku úr Lambafellsnámu

## 1. Samningsaðilar

Samningsgjafi:	Samningshafi:
Forsætisráðuneytið f.h. íslenska ríkisins Kt: 550169-1269  Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík  Sími: 5458400 Netfang: postur@for.is  Tengiliður: Sigurður Örn Guðleifsson	Björgun ehf Kt: 460169-7399  Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík  Sími: 5635600 Netfang: larus@hornsteinn.is  Tengiliður: Lárus Dagur Pálsson

## 2. Efni samnings

Samningurinn felur í sér að samningsgjafi veitir samningshafa rétt til efnistöku í námunni á samningstímanum.

Samningshafi skuldbindur sig til að reka efnissölu í námunni til sölu á efni teknu þar, unnu og óunnu, og skal afgreiðslutími og vélarkostur í námunum vera þannig að fullnægja megi eftirspurn eftir efni úr námunum á hverjum tíma. Skal efnissala þessi vera opin öllum þeim sem óska að kaupa þar efni enda fullnægi þeir reglum um greiðslu efnis sem samningshafi setur. Samningshafi skuldbindur sig til að afgreiða efnið ámokað í námunni.

Samningshafi skuldbindur sig til að ganga snyrtilega um námuna og haga vinnslu, þ.e. ýta og taka efni þannig að sem minnst lýti og spjöll verði á umhverfinu. Þá skuldbindur samningshafi sig til að jafna út og sléttá námuna á eigin kostnað í samræmi við álit Skipulagsstofnunar m. fylgigönum.

Náman og starfsemin þar verður undir eftirliti yfirvalda og skuldbindur samningshafi sig til að veita yfirvöldum allar umbeðnar upplýsingar.

## 3. Samningsgögn

Samningur þessi er gerður á grundvelli:

3.1. útboðsgagna nr. 20722 og

3.2. tilboðs seljanda dags. 29/05/2018, ásamt fylgigönum þ.m.t. fyrirspurnir og svör. Útboðsgögn, þ.m.t. viðaukar, svör við fyrirspurnum og athugasemendum til bjóðenda á tilboðstíma og tilboð bjóðanda er hluti af samningi þessum. Stangist texti samningsgagna á við lög, víkur samningstextinn.

3.3. Kort verkfræðistofunnar Eflu, í formi þríviddarmyndar af yfirborði námunni dagsett 3.júlí 2018\* er einnig hluti af samningi þessum og hefur þann tilgang að hægt sé að mæla efnistöku árlega vegna greiðslu efnistökugjalds skv. 12. gr. Með undirritun sinni staðfesta samningsaðilar að þeir hafi kynnt sér kortið og séu samþykkir þeim upplýsingum sem fram koma í því. Kortið er einungis til á stafrænu formi.

3.4. Framkvæmd samningsins skal vera í samræmi við ofangreind gögn sem eru hluti þessa samnings.

## 4. Samningstími

Samningur þessi gildir í 5 ár frá töku tilboðs eða til 13.06.2023.

Heimilt er að framlengja samninginn einu sinni í 5 ár þannig að heildarsamningstími verði 10 ár.

Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi 9 mánuðum eftir undirritun.

## 5. Upplýsingaskylda samningshafa

Samningshafi skal halda nákvæma skrá um efnistöku vegna samningsins og veita samningsgjafa aðgang að skránni á eins árs fresti en oftar ef óskað er eftir því. Í slíkri skrá skal hafa upplýsingar um kaupendur og kt. þeirra, dagsetningu viðskipta, magn og verð efnis.

Vanræki samningshafi endurtekið samningsbundna skyldu til að veita upplýsingar viðskipti, er litið á það sem verulega vanefnd á samningi sem heimilar samningsgjafa riftun hans.

Samningsgjafi áskilur sér rétt til að óska sérstaklega eftir yfirlýsingu löggilts endurskoðanda/skoðunarmanns samningshafa til að sannreyna upplýsingar um sölutölur. Reynist þær rangar áskilur samningsgjafi sér rétt til að rífta samningnum.

## 6. Samskipti á samningstíma – fulltrúi samningsgjafa

Forsætisráðuneytið sem samningsgjafi annast samskipti við samningshafa á samningstímanum og tekur við upplýsingum frá samningshafa. Upplýsingar skulu sendast á netfangið: postur@for.is

Tengiliður samnings f.h. samningsgjafa er: Sigurður Örn Guðleifsson.

## 7. Endurskoðunarákvæði – breytingar á samningstíma

Samningsgjafi áskilur sér rétt til að gera breytingar á samningi á samningstímanum. Sjá einnig kafla um starfskjör, verð og verðbreytingar og framsal á réttindum og skyldum. Samningsgjafi áskilur sér rétt til að heimila breytta aðild að samningnum án nýs útboðs ef samningshafi verður gjaldþrota.

Heimilt er að breyta samningnum eða segja honum upp með þriggja mánaða fyrirvara ef ný löggjöf eða breytt stefna stjórnvalda í umhverfis- og eða skipulagsmálum kallar á breytingar eða uppsögn samnings. Slikar breytingar eða uppsögn skulu heimilar bótalaust gagnvart samningshafa.

## **8. Starfskjör**

Samningshafi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn hans, undirverktaka/starfsmannaleiga sem koma að framkvæmd samnings fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Ofangreint skal eiga við óháð lengd starfstíma starfsmanns. Samningshafi skal uppfylla skyldur sínar sem notendafyrirtæki skv. lögum um starfsmannaleigur ef þjónusta slíkra fyrirtækja er notuð og ábyrgist gagnvart samningsgjafa, að starfsmenn á vegum starfsmannaleiga njóti réttinda skv. íslenskum lögum og kjarasamningum. Samningshafi skal tryggja að starfsmenn hans fái viðeigandi öryggisbúnað og vinnufatnað í samræmi við lög og reglugerðir.

## **9. Umhverfisvernd og félagsleg réttindi**

Framkvæmd samningshafa skal uppfylla kröfur íslenskra laga og EES-reglna á sviði umhverfisverndar og félagslegra réttinda starfsmanna. Einnig skuldbindur samningshafi sig til að fara í einu og öllu eftir tilmælum yfirvalda í álti Skipulagsstofnunar ásamt fylgigögnum um efnistöku í Lambafelli sem birt er á slóðinni hér:  
<http://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvæmda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/552#alit>

## **10. Ábyrgð og tryggingar**

Samningshafi skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal samningshafi að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

Samningshafi skal kaupa tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga og ábyrgist að slíkar tryggingar séu í gildi vegna starfsmanna undirvertaka og starfsmannaleiga sem starfa á hans vegum á svæðinu.

## **11. Verð og verðbreytingar**

Gjald til samningsgjafa pr/m<sup>3</sup> skal uppfærast mánaðarlega í samræmi við byggingarvisitölu með grunni frá 2010 sem var 137,4 stig í maí 2018.

Gjald fyrir hvern rúmmetra (í ISK án vsk.) er kr. 267.

## **12. Greiðslur**

Reikningar skulu greiddir af samningshafa á gjalddaga. Eindagi skal vera sá sami og gjalddagi.

Gjalddagi efnistökugjalds er 15. maí ár hvert, í fyrsta sinn 15. maí 2019. Sé efnistökugjald ekki greitt á gjalddaga ber samningshafa að greiða hæstu leyfilegu dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 með síðari breytingum.

## **13. Vanefndir og uppsögn**

Samningshafi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð, skilmála útboðs.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu samningshafa að ræða getur samningsgjafi rift samningi án fyrirvara.

Leiti samningshafi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er samningsgjafa heimilt án fyrirvara að segja upp samningi.

Samningsgjafi mun án bóta rifta samningi í heild eða að hluta á gildistíma ef skyldubundnar og valkvæðar útilokunarástæður 68. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 eiga við um samningshafa. Samningshafi skal að beiðni samningsgjafa, hvenær sem er á samningstímanum, útvega samningshafa sönnunargögn um að útilokunarástæður eigi ekki við um hann.

Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi 9 mánuðum eftir undirritun.

## **14. Framsal á réttindum og skyldum**

Samningshafa er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis samningsgjafa.

Samningshafa er óheimilt, án skriflegs samþykkis samningsgjafa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef samningsgjafi veitir slíka heimild, breytast í engu skyldur samningshafa gagnvart samningsgjafa.

## **15. Óviðráðanleg atvik – Force Majeure**

Hvorki samningshafi né samningsgjafi verða krafðir um bætur ef óviðráðanleg atvik (force majeure) sem hvorugum aðila verður um kennt svo sem styrjöld, eldsvoði, náttúruhamfarir, verkföll, verkbönn eða annað þess háttar koma í veg fyrir framkvæmd samnings þessa.

## **16. Trúnaður**

Bjóðandi skal auðkenna sérstaklega þá kafla tilboðs sem afhentir eru sem trúnaðarmál. Þetta hefur ekki áhrif á skyldu samningsgjafa til að leggja fram upplýsingar á grundvelli stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

## **17. Almennir fyrirvarar**

Útboðs- og samningsgögn þessi gilda varðandi samninginn. Upplýsingar sem samningsgjafi hefur veitt varðandi fyrirhugaðan samning, áður en útboð var auglýst, hafa enga þýðingu.

## 18. Lok samnings

Verði ekki um áframhaldandi samning að ræða milli aðila, á kaupandinn engar kröfur á seljanda vegna tjóns sem hann kann að verða fyrir vegna þess. Samningshafi á ekki rétt á greiðslum frá samningsgjafa fyrir gerð umhverfismats og annan kostnað, t.d. vegna vegagerðar, sem hann verður fyrir vegna nýtingarinnar.

## 19. Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af viðskiptum þeim sem útboð þetta nær til, skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 20. Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í 3 samhljóða eintökum, eitt handa hverjum samningsaðila og eitt fyrir Ríkiskaup.

18

Reykjavík, 9. júlí 2018.

F.h. samningsgjafa

Páll Þórhallsson

Páll Þórhallsson

F.h. samningshafa

Ásgrímur Ólafsson

Lárus Dagur Pálsson

Vottar:

þingjónsloður Pla-kt. 1002645285

Egill Skúlason kt. 290373-3449



Heiti fundar: Undirritun samnings á grundvelli útboðs nr. 20722 Lambafellsnáma, bókun

Dagur/Tími/Staðsetning: Miðvikudagur, 18.07.2018, Ríkiskaup, Borgartúni 7c, Reykjavík

Viðstaddir: Páll Þórhallsson (Forsætisráðuneytið), Arnór Halldórsson Hafstað (umboðsmaður Björgunar skv. skriflegu umboði), Drífa Guðjónsdóttir Plank (Ríkiskaup)

Fundarritari: Drífa Guðjónsdóttir Plank

### Fundargerð

- Bókun:** Fulltrúi forsætisráðuneytisins Páll Þórhallsson bókar við undirritun samnings á grundvelli útboðs 20722 Lambafellsnáma, að ráðuneytið hafi fallist á breytingartillögur samningshafa frá síðasta fundi til að vera nær orðalagi í útboðsgögnum en í því felist ekki að fallist sé á allar þær röksemdir sem færðar voru fram fyrir þeim breytingum.
- Björgun hefur látið gera eigið líkan og þríviddarmyndir af yfirborði námunnar sambærilegt því sem fram kemur í gr 3.3 samnings dagsett 15. júní 2018 og mun koma því til Eflu og ráðuneytisins.

Páll Þórhallsson  
Arnór Halldórsson Hafstað haf  
Drífa Guðjónsdóttir Plank

U M B O Ð

Hér með er Arnóri Halldórssyni Hafstað, kt. 020763-4939, veitt fullt og óskorað umboð til þess að undirrita, fyrir hönd Björgunar ehf., 460169-7399, samning félagsins, við forsætisráðuneytið f.h. íslenska ríkisins, kt. 550169-1269, um efnistöku úr Lambafellsnámu á grundvelli útboðs nr. 20722. Undirritun framangreinds umboðsmanns skal hafa sama gildi og undirritaður hefði sjálfur undirritað.

Skagafirði, 16.07. 2018.

f. h. Björgunar ehf.

Lárus Dagur Pálsson

Lárus Dagur Pálsson, kt. 060973-3189

framkvæmdarstjóri og prókúruhafi Björgunar ehf.

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Kjartansson

nafn

1602/57-3319

kt.

Anne Sft.

nafn

090776-5259

kt.

# Fylgiskjal 5

Nr. 1269

21. desember 2012

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélagini Ölfusi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt eftirfarandi deiliskipulag í Ölfusi, samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010:

*Deiliskipulag fyrir námvinnslu í Bolaöldum, Ölfusi, sem byggir á aðalskipulagi staðfestu 3. júlí 2008 fyrir Jósefsdal og Bolaöldur.*

Fram kemur í deiliskipulaginu að efnistakan er áfangaskipt og verður framkvæmdaleyfi gefið út í samræmi við áfangaskiptingu og frágangsáætlun. Náman er stækkuð um 29 ha, úr 36 ha í 65 ha. Mesta hæð sem efnið verður unnið úr er í 320 m hæð yfir sjávarmáli. Leyfilegt er að nýta námu-svæðið fyrir frístundastarfsemi, s.s. vélhjólaakstursíþróttir og vélsléðaíþróttir á meðan efnistaka stendur yfir, þó ekki samtímis. Aðkomuvegur að námunni er einnig ein helsta leið þeirra sem hyggja á fjallgöngu á Vífifell, frá bílastæði við mörk eldra og nýja efnistökusvæðisins.

Jaðarsvæði nýja efnistökusvæðisins verður að lámarki 10 m á breidd. Aðkoma að nýja efnistökusvæðinu verður um núverandi veg inn í námuna. Ekki verða leyfðar fleiri aðkomur. Halli vinnugólfss á nýja efnistökusvæðinu verður u.p.b. 1,5-2,0% frá austri til vesturs. Tilgangur þess er að hindra grunnvatnssöfnun á efnistökusvæðinu að vinnslu lokinni. Lámarkshæð vinnslugólfss á nýja efnistökusvæðinu verður 245 m yfir sjávarmáli. Lámarkshæð vinnslugólfss á eldra efnistökusvæðinu verður 215 m yfir sjávarmáli. Vinnsla efnis úr námunni skal fylgja áfangaskiptingu og vinnsluáætlun sem er hluti deiliskipulagsgagna.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Unnið hefur verið umhverfismat fyrir námusvæðið.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn.*

Breytingin tekur til svæða sem eru merkt R-1 og R-5, sem áður voru staðfest með auglýsingu nr. 1093/2008 í B-deild Stjórnartíðinda 2. desember 2008. Innan reits R-1 er byggingarreitir fyrir Hafnarskeið 18 stækkaður og nýtingarhlutfall lóðar stækkað úr 0,4 í 0,8. Innan reits R-5 er byggingarreitir færður til austurs, nær nýrr götu sem er framlenging á Hafnarskeiði til norðurs. Færslan er fyrir lóðina Hafnarskeið 28-30. Norðurhluti Hafnarskeiðs heitir eftir breytingar Boðaskeið og breytast heiti á lóðum við það.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn, fyrir reit merktan 5.3.*

Breytingin tekur til svæða sem áður voru staðfest með auglýsingu nr. 1093/2008 í B-deild Stjórnartíðinda 2. desember 2008. Deiliskipulagið nær til reita sem afmarkast af Elliðavör, Hafnarskeiði, Þorláksvör og Óseyrarbraut. Verið er að auka nýtingarhlutfall og lagfæra lóðarmörk og stækka byggingarreit.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag fyrir athafnasvæði í Þorlákshöfn, norðan Selvogsbrautar, vestan Unubakka, norður að götu er nefnd er Svartasker.*

Deiliskipulagið afmarkast af reitum A2 og A1 í aðalskipulagi, sem er svæði fyrir athafna-starfsemi sem lítil hætta er á mengun af, s.s. léttan iðnað, vörugeymslur, hreinleg verkstæði og umboðs- og heildverslun. Svæðið afmarkast til norðurs af götu sem nefnd er Svartasker, Óseyrarbraut til austurs og nýrr ónefndri götu til vesturs og Selvogsbraut til suðurs, alls um 6,2 ha.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag fyrir Lindarbæ, Árbæ, Ölfusi. Byggingarreitur A fyrir gróðurhús. Byggingarreitur B þar sem nú er íbúðarhús og bílgeymsla. Byggingarreitir C og D fyrir gróðurhús.*

Deiliskipulagið tekur til um 24.784 m<sup>2</sup> svæðis. Fyrir er íbúðarhús og bílgeymsla. Gert er ráð fyrir gróðrarstöð. Sýndir eru byggingarreitir A fyrir gróðurhús, B sem er umhverfis númerandi íbúðarhús og C og D sem eru fyrir gróðurhús.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag fyrir Stóragerði, Ölfusi, úr landi Ytri-Grímslækjar.*

Byggingarreitir eru sýndir innan lands Stóragerðis, sem er um 21.198 m<sup>2</sup>. Innan reits er heimilt að byggja íbúðarhús, bílgeymslu og hús fyrir léttan iðnað og gestahús. Lóð nr. 1 er um 10.175 m<sup>2</sup> og byggingarreitir fyrir íbúðarhús, bílgeymslu og fyrir léttan iðnað. Lóð nr. 2 er um 30.489 m<sup>2</sup> með byggingarreitum fyrir íbúðarhús, 1-2 hæða, bílgeymslu og fyrir léttan iðnað. Lóð nr. 3 er um 25.948 m<sup>2</sup> með byggingarreitum fyrir íbúðarhús og bílgeymslu. Aðkoma að lóðum er frá þjóðvegi nr. 38.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag námu í Lambafelli í landi Breiðabólsstaðar, Ölfusi.*

Deiliskipulagið tekur til vinnslusvæðis sem er um 30 ha, fyrir um 15.000.000 m<sup>3</sup> vinnanlegt efni á 30 árum. Norðan við þessa námu eru tvær námur. Unnið verður að samræmdum frágangi námannna sem fyrir eru í Lambafelli, við verklok.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag námu í Lambafelli, efnistaka Árvéla í landi Hjallatorfunnar, Ölfusi.*

Deiliskipulagið er í samræmi við staðfest aðalskipulag frá 28. maí 2009. Efnistaka er innan svæðis sem er merkt E3 í aðalskipulagi. Svæðið er um 18 ha og fyrirhuguð efnistaka 27.000.000 m<sup>3</sup> á næstu 30 árum. Heildarsvæði lóðar er um 37,1 ha. Náman liggur að annarri námu í Lambafelli og eru samlegðaráhrif beggja námannna metin saman og verður frágangur á námu í verklok samræmdur.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag námu í Lambafelli, efnistaka Jarðefnaiðnaðar í afréttarlandi Ölfuss.*

Deiliskipulagið er í samræmi við staðfest aðalskipulag frá 28. maí 2009. Efnistaka er innan svæðis sem er merkt E3 í aðalskipulagi. Svæðið er um 23,1 ha og fyrirhuguð efnistaka 18.000.000 m<sup>3</sup> á næstu 30 árum. Heildarsvæði lóðar er um 37,1 ha. Náman liggur að annarri námu í Lambafelli og eru samlegðaráhrif beggja námannna metin saman og verður frágangur á námu í verklok samræmdur.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag fyrir heimaland Ósgerðis, Ölfusi.*

Deiliskipulagið nær yfir 7,8 ha úr landi Ósgerðis með byggingarreit fyrir tvö íbúðarhús og eitt gestahús. Aðkoma að landinu er frá Arnarbælisvegi nr. 375. Sýndir eru byggingarreitir B1, B2 og B3.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag ylræktarvers á iðnaðarlóð vestan Hellisheiðarvirkjunar.*

Deiliskipulagið nær yfir 24 ha reit innan 112 ha reits fyrir fyrirhugaða starfsemi sem nýtir afurðir frá Hellisheiðarvirkjun. Deiliskipulagið tekur á byggingarreit fyrir ylræktarver til framleiðslu á tómötum.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Nr. 1269

21. desember 2012

*Deiliskipulag fyrir skika úr landi Gljúfurs, Ölfusi, fyrir íbúðarhús.*

Vegtenging er frá Hvammsvegi um heimreið að Gljúfri. Byggingarreitur fyrir íbúðarhús og bílgeymslu.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag fyrir Hvol I, landnr. 171740.*

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag. Jörðinni er skipt upp í two hluta, jörð 1 sem er um 10,2 ha og jörð 2 sem er um 108,9 ha, með byggingarreitum. Heimilt er samkvæmt deiliskipulagi að vera með íbúðarhús, frístundahús, vélaskemmur og landbúnaðarbyggingar.

Engar athugasemdir komu við deiliskipulagið á auglýsingartímanum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 21. desember 2012.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2013

**Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus**

*Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla, efnistaka Árvéla í Lambafelli, Ölfusi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir hér með tillögu á deiliskipulagi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, breytingartillögu sem samþykkt var af bæjarstjórn 28. ágúst 2008 og staðfest af ráðherra 28. maí 2009.

Náman er skilgreind sem náma E3 í aðalskipulagi Ölfuss. Námusvæðið er skipt í tvennt, annarsvegar er námusvæði nyrst í reit E3 sem Sveitarfélagið Ölfus hefur ráðstafað til Jarðefnaiðnaðar ehf. Það svæði er um 23,1 ha og fyrirhuguð efnistaka um 18.000.000 m<sup>3</sup> á næstu 30 árum til ársins 2038.

Svæði Árvéla sem liggur sunnar við það svæði, í landi Hjallatorfu. Þar hefur verið efnisvinnsla undanfarin ár. Heildarflatarmál efnistökusvæðisins er um 18 ha. Heildar efnismagn til vinnslu á næstu 30 árum er um 27.000.000m<sup>3</sup>, eða um 600.000-900.000 m<sup>3</sup> á ári.

Þeir þættir deiliskipulagsins sem helst eru taldir valda umhverfisáhrifum eru efnistaka, efnisvinnsla og umferð sem og viðvera vinnuvéla og geymsla olíu og annarra efna á svæðinu.

Samlegðaráhrif fyrir báðar námurnar eru metin saman og verður frágangi á námu í lok verks, samræmdur.

Með deiliskipulagsupprætti og greinargerð liggur frammi umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga á tímabilinu 12. desember 2010 til 9. janúar 2011. Deiliskipulagið liggur frammi í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 23. janúar 2011. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

*Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla, efnistaka Jarðefnaiðnaðar ehf. í Lambafelli, Ölfusi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir hér með tillögu á deiliskipulagi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, breytingartillögu sem samþykkt var af bæjarstjórn 28. ágúst 2008 og staðfest af ráðherra 28. maí 2009.

Náman er skilgreind sem náma E3 í aðalskipulagi Ölfuss. Námusvæðið er skipt í tvennt.

Svæði Árvéla sem liggur sunnar í reit E3. Þar hefur verið efnisvinnsla undanfarin ár. Heildarflatarmál efnistökusvæðisins er um 18 ha. Heildar efnismagn til vinnslu á næstu 30 árum er um 27.000.000 m<sup>3</sup>.

Efnistökusvæðið nyrst í reit E3 hefur Sveitarfélagið Ölfus ráðstafað til Jarðefnaiðnaðar ehf. Það svæði er um 23,1 ha og fyrirhuguð efnistaka um 18.000.000 m<sup>3</sup> á næstu 30 árum eða um 600.000 m<sup>3</sup> á ári til ársins 2038. Heildarstærð lóðar sem Jarðefnaiðnaður ehf. hefur er 37,1 ha.

Þeir þættir deiliskipulagsins sem helst eru taldir valda umhverfisáhrifum eru efnistaka, efnisvinnsla og umferð sem og viðvera vinnuvéla og geymsla olíu og annarra efna á svæðinu.

Samlegðaráhrif fyrir báðar námurnar eru metin saman og verður frágangi á námu í lok verks, samræmdur.

Með deiliskipulagsupprætti og greinargerð liggur frammi umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga á tímabilinu 12. desember 2010 til 9. janúar 2011. Deiliskipulagið liggur frammi í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 23. janúar 2011. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

**Sigurður Jónsson** skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2010019937)

 [Loka glugga](#)

**Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfuss**

Vegna nýlegrar niðurstöðu úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, þarf að auglýsa að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 deiliskipulagstilléögur, nokkurn fjölda, sem tóku gildi eftir gildistóku nýrrar skipulagslaga 1. janúar 2011. Deiliskipulagstilléögurnar hafa verið auglýstar og samþykktar af bæjarstjórn Ölfuss, en eru nú auglýstar hér að nýju. Tillögur eru óbreyttar frá fyrrí auglýsingu og afgreiðslu bæjarstjórnar.

1. Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn. Breytingin tekur til svæða sem eru R-1 og R-5, sem staðfest var í B-deild Stjórnartíðinda 2. desember 2008.
2. Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn, fyrir reit merktur 5.3. Breytingin tekur til svæða sem eru R-1 og R-5, sem staðfest var í B-deild Stjórnartíðinda 2. desember 2008.
3. Deiliskipulag fyrir athafnasvæði í Þorlákshöfn, norðan Selvogsbrautar, vestan Unubakka, norður að götu er nefnd er Svartasker.
4. Deiliskipulag fyrir Lindarbae, Árbæ, Ölfusi. Byggingarreitur A fyrir gróðurhús. Byggingarreitur B þar sem nú er íbúðarhús og bílgeymsla. Byggingarreitur C og D fyrir gróðurhús.
5. Deiliskipulag fyrir Stóragerði, Ölfusi, úr landi Ytri-Grímslækjar. Byggingarreitir eru sýndir innan lands Stóragerðis, lóðar nr. 1, lóðar nr. 2 og lóðar nr. 3.
6. Deiliskipulag námu í Lambafelli í landi Breiðabólsstaðar, Ölfusi.
7. Deiliskipulag námu í Lambafelli, efnistaka Árvéla í landi Hjallatorfunnar, Ölfusi.
8. Deiliskipulag námu í Lambafelli, efnistaka Jarðefnaiðnaðar í afréttarlandi Ölfus.
9. Deiliskipulag fyrir heimaland Ósgerðis, Ölfusi.
10. Deiliskipulag ylræktarvers á iðnaðarlóð vestan Helliseiðavirkjunar.
11. Deiliskipulag fyrir skika úr landi Gljúfurs, Ölfusi, fyrir íbúðarhús.
12. Deiliskipulag fyrir Hvol I. Jörðinni skipt upp í two hluta, jörð 1 og jörð 2, með byggingarreitum.

Ofangreindar tillögur liggja frammi til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn á skrifstofutíma, 9-12 og 13-16. Skipulagstilléögurnar eru til kynningar frá 27. desember 2012 til 7. febrúar 2013. Athugasemdir skulu hafa borist til skipulags- og byggingarfulltrúa í síðasta lagi 7. febrúar 2013 og skulu þær vera skriflegar.

**Sigurður Jónsson**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss.

( 2012023680

 [Loka glugga](#)

## Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd - 36

Haldinn í ráðhúsi,

19.02.2013 og hófst hann kl. 08:15

**Fundinn sátu:** Anna Björg Níelsdóttir formaður,

Sigríður Lára Ásbergsdóttir aðalmaður,

Þór Emilsson aðalmaður,

Guðmundur Oddgeirsson aðalmaður,

Sigurður Jónsson skipulags- og byggingarfulltrúi,

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

**Dagskrá:**

Almenn mál

### **1. 1212015 - Ósk um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Bolaöldum**

Afgreiðsla á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu. Framkvæmdaleyfi

1212015 - Ósk um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Bolaöldum. Bolaöldur ehf óska eftir framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Bolaöldum, byggðu á deiliskipulagi fyrir námasvæðið. Deiliskipulagið er í samræmi við staðfest aðalskipulag frá 21. september 2013.

Afgreiðsla á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu. Framkvæmdaleyfi sem byggir á deiliskipulagi, umhverfisskýrslu og matsskýrslu, er afgreitt jákvætt. Athugasemdartími auglýst deiliskipulag er til 25. febrúar 2013. Bæjarstjórn tekur erindið til afgreiðslu á fundi sínum 28. febrúar n.k.

#### **4. 1302030 - Stofnun lóðar til að byggja á alifuglabú**

##### **Stofnun lóðar Rauðalæk**

1302030 Erindi frá eigendum jarðarinnar Rauðalækjar að stofna lóð til að byggja á hænsnabú. Fyrirhugað er að byggingar verði 4-5 hús og alls að stærð 2-3 þúsund fermetrar. Ákvæði reglugerðar nr. 941/2002, 4. mgr. 24 gr. um hollustuhætti, segir m.a. um fjarlægðir að mannabústöðum, matvælafyrirtækjum eða vinnustöðum, annarra en sjálfs búsins, skal vera meir en 500 m. Til að vera með mannvirkin nær en 500 m, skal senda undanþágubeiðni til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Einnig skal kynna erindið fyrir nágrönum næstu jarða. Ákvæði aðalskipulags segja að fyrir svona starfsemi skal land vera á bilinu 2-10 ha og síðan stærðin eftir nýtingarhlutfalli, sem er 0,05. Landið sem fyrirhugað er undir alifuglabús er stærra, eða 7.7 ha. Með í stofnun búsins eru ábúendur að Ásnesi. Fjarlægð frá búinu að Ásnesi gæti verið 150-250 m.

Afgreiðsla: Stefna sveitarfélagsins er að uppbygging á landbúnaðarjörðum verði sem mest í þeim greinum sem falla að landbúnaði. Alifuglahús eru taldar upp í flokki um byggingar á landbúnaðarsvæðum. Erindið verður kynnt og einnig sent til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins með ósk um undanþágu frá fjarlægðarmörkum.

#### **5. 1302017 - Erindi vegna breytinga á húsnæði.**

##### **Fyrirspurn um breytta notkun á húsnæði, opna kaffihús**

1302017 - Erindi vegna breytinga á húsnæði að Unubakka 10 í Þorlákshöfn. Hendur í Höfn óska eftir að breyta hluta neðri hæðar og efri hæðar hússins í kaffihús. Erindið er kynnt hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna opnunar kaffihúss og eldhúsi því tengdu og einnig um snyrtingar fyrir starfsemina. Vinnueftirlit ríkisins gefur umsögn vegna starfsmannaðstöðu. Fyrirhuguð starfsemi er á verslunar- og þjónustusvæði samkvæmt aðalskipulagi.

Afgreiðsla: Tekið er vel í erindið, um breytingar á húsnæðinu til að opna í því kaffihús með eldhúsaðstöðu á 2. hæð. Á milli verkstæðisins sem Hendur í Höfn eru með, verður opið inn í kaffihúsið og sami aðili rekur bæði kaffihúsið og Hendur í Höfn. Breytingar skulu uppfylla ákvæði heilbrigðisreglugerðar og ákvæði um vinnustað sem vinnueftirlitið setur og einnig ákvæði um brunavarnir.

## **9. 1211028 - Áríðandi tilkynning varðandi gildi deiliskipulags sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum árin 2011 og 2012**

### **Afgreiðsla eftir auglýsingu**

1211028 - Áríðandi tilkynning varðandi gildi deiliskipulags sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum árin 2011 og 2012.

Afgreiðsla eftir auglýsingu: Tillögurnar voru auglýstar að nýju í 6 vikur, til 7. febrúar s.l. Engar athugasemdir bárust á auglýsingar. Tillögurnar verða að nýju sendar til Skipulagsstofnunar og birting í B-deild Stjórnartíðinda leiðrétt.

## **10. 1302034 - Umsókn um byggingarleyfi**

### **Umsókn um breytingar á Ölfusborgum, húsi 21**

1302034 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingu á húsi nr. 21 í Ölfusborgum. Erindi dagsett 14. febrúar 2013 frá Albínu Thordarson, arkitekt. Sótt er um stækkun á húsinu sem er í eigu Vörubílstjórafélagsins Þróttar, kt. 420369-4849.

Afgreiðsla: Erindi um breytingar, stækkun á húsi nr. 21 í Ölfusborgum, er samþykkt. Stækkunin er í samræmi við fyrrí stækkanir á öðrum húsum í Ölfusborgum. Verið er að endurnýja og breyta húsunum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15**

# STARFSLEYFI

## Björgun ehf.

Efnistaka, steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum

**Lambafelli í Prengslum  
816 Ölfus**

kt. 460169 7399

Nafn og kt. rekstraraðila: **Björgun ehf., kt. 460169 7399**

Heimilisfang: **Sævarhöfða 33, 112 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 1. nóvember 2018**

**Gildir til: 1. nóvember 2030**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:**

**Fyrir Björgun ehf. vegna efnistökusvæðis í Lambafelli í Ölfusi  
dags. 1. nóvember 2018**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sækí um að leyfið færst yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss    kt. 480284 0549    Simi 480 8250

Selfossi, 1. nóvember 2018

*Sigrún Guðmundsdóttir*

framkvæmdastjóri



## Starfsleyfisskilyrði fyrir efnistökusvæði

**Björgun ehf.**  
kt. 460169 7399

## Efnistökusvæði í Lambafelli í Þrengslum 816 Ölfus

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir vinnslu jarðefna úr malar-, vikur-, grjót- og sandnánum, þ.m.t. hörpun og grófvinnslu efnis, í norðurhluta efnistökusvæðisins í Lambafelli í Þrengslum í Ölfusi sem er merkt E2 í adalskipulagi sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.2 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis sins og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma. Starfsleyfishafi skal jafnframt tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykkta notkun fasteigna og sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats. Hafi það farið fram, fyrirmælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessara við vinnslu efnis og frágang svæðisins að efnisvinnslu lokinni.
- 1.3 Starfsleyfishafi skal veita heilbrigðiseftirliti upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðiseftirlits, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.4 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi er lögð niður eða eigendaskipti verða. Starfsleyfið fellur sjálfkrafa úr gildi ef framkvæmdaleyfi fellur úr gildi og/eða fæst ekki endurnýjað.
- 1.5 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.

### 2. Mengunarvarnir

- 2.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekkini mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind
- 2.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hesur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust gripa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan



skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slik atvik svo fljött sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

- 2.3 Oliugeymir skal staðsettur á asmörkuðu, olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 2.4 Oliugeymir skal búinn ysírfyllingarviðvörum eða ysírfyllingarvörnum. Jafnframt skal hann útbúinn afgreiðslubýssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en ysírfylling á sér stað. Afla þarf samþykkið byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir staðsetningu, stærð og frágangi olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingarplani og olíuskilju.
- 2.5 Gæta skal itrustu varúðar við meðferð oliu og við oliuáfyllingar. Oliuáfyllingar og olíuskipti á þungavinnuvélum skulu fara fram á asmörkuðu olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju.
- 2.6 Allt frárennsli sem getur verið mengað af oliuefnum skal leitt í oliuskilju. Oliuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slikan úrgang.
- 2.7 Eingöngu brynnstu viðgerðir til að forða tjóni á tækjum og búnaði eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki og búnaður skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 2.8 Diselrafstöðvar skulu staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.
- 2.9 Efnavöru, s.s. smurlofur, glussa, málningu o.þ.h. skal geyma á öruggum stað innan dyra. Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er af smurolum og annarri efnavöru á svæðinu.
- 2.10 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að fokgjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvædis.
- 2.11 Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.

## Úrgangur

- 2.12 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 2.13 Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgánum og ílátum syrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá ysír úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 2.14 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar-eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í ysírbordsvatn, grunnvatn, sjó,



jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda oliuúrgangi saman við annan úrgang.

- 2.15 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 2.16 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuadilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

#### **Meðferð hættulegra efna, þ.m.t. spilliefna**

- 2.17 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
- 2.18 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Slik efni skulu meðhöndlud af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í fráveitu um niður föll, í andrúmsloft né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallti vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 2.19 Um meðferð og geymslu oliu og frágang olíutanka, gastanka og álika búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Staðsetning olíutanka og olíulagna þarf samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðisfirlits. Mengist jarðvegur af oliu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollstuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

#### **Hávaði**

- 2.20 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

#### **Loftmengun**

- 2.21 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hætu í nærliggjandi umhverfi. Ef þörf er á skal skerma fokgjörn jarðefni af.



## Fráveitur

- 2.22 Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags. Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. ristar, olíuskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.
- 2.23 Olíuskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 2.24 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróm af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyru.

## 3. Umhverfi og frágangur

- 3.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 3.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfissjörnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfissjörnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku i umhverfissjörnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfissjörnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 3.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnaði og athafnasvæði sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjölgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á athafnasvæði fyrirtækisins.
- 3.4 Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 3.5 Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: *Námur – efnistaka og frágangur*, sem umhverfisráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002
- 3.6 Verktakar skulu ekki geyma oliubirgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnslu er lokið.
- 3.7 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að hann sé fjarlægður og/eða meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins nr. 8 frá 1998 um *Meðferð á olíumenguðum jarðvegi*.
- 3.8 Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarsa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gegnum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðiseftirlit telur þörf á.



#### 4. EIGID EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA

4.1 Starfsleyfishafí skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:

- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
- óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitum.
- tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
- skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.
- Fjölda og hnitsetta staðsetning efnistökustaða, efnistegund og vinnslumagn.
- Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í nánum sem starfsleyfið nær til.
- Fjöldi oliutanka, oliuáfyllingarsvæða, oliuskilja, magn olíuefna og rýrnun.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

4.2 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill, sbr. gr. 3.2.

#### 5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 5.2 Starfsleyfishafí greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi 1. nóvember 2018

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn Jóhannsdóttir*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

# BJÖRGUN EHF

kt. 460169 7399

Sævarhöfða 33,  
112 Reykjavík

vegna efnistöku, steinmölun og framleiðslu á ofaníburði og fyllingarefnum í  
starfstöð fyrirtækisins í Lambafelli í Ölfusi.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 16. júlí sl. umsókn Sveinbjarnar Guðmundssonar f.h. Björgunar ehf., kt. 460169-7399, um endurnýjun starfsleyfis vegna eigendaskipta fyrir efnistöku í Lambafelli í Ölfusi.

Við gerð tillögu að starfsleyfi fyrir efnistöku Björgunar ehf. var tekið tillit til þess að um eigendaskipti er að ræða en hvorki breytingu á staðsetningu né eðli starfseminnar. Starfsleyfisskilyrði fyrri eigenda voru því endurskoðuð og uppfærð m.t.t. þeirra breytinga sem orðið hafa á lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og aukinna krafna um umhverfisstjórnum og mengunarvarnir. Jafnframt voru niðurstöður mats á umhverfisáhrifum, dags. 30. október 2008, hafðar til hliðsjónar við endurskoðun starfsleyfisskilyrða fyrri rekstraraðila.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

EKKI var sérstaklega leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um hvort ofangreind starfsemi væri í samræmi við gildandi skipulag og samþykkta notkun fasteignar, þar sem um er að ræða eigendaskipti en hvorki breytingu á staðsetningu né eðli starfseminnar. Að auki er efnistökusvæðið skilgreint sem slíkt í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 og framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins vegna efnistöku í gildi.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni

tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint var tillaga að starfsleyfi fyrir efnistöku á vegum Björgunar ehf. auglýst í Dagskránni þann 29. ágúst sl. Var tillagan aðgengileg á vef Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is), og á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfus á auglýsingatímanum. Frestur til að gera athugasemdir var auglýstur fjórar vikur og rann hann út þann 26. september sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma og viðbrögð heilbrigðisnefndar Suðurlands við þeim**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 191. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 31. október sl. var umsókn Björgunar ehf. fyrir efnistöku í Lambafelli í Ölfusi tekin til afgreiðslu og eftirfarandi bókað:

Starfsleyfisumsókn Björgun ehf. vegna efnistöku og efnisvinnslu í Lambafelli, Ölfusi hefur verið í lögbundnu auglýsingaferli sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Engar athugasemdir hafa borist og er lagt til að starfsleyfi fyrir Björgun ehf. verði veitt til 12 ára.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsméðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 1. nóvember 2018

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

---

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi